

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 27. apríl 1970, um leigubifreiðar, sbr. 6. gr., 3. mgr., og 10. gr. laganna, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. febrúar 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

17. febrúar 1971.

Nr. 35.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 55 20. marz 1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í stað 1. málslíðs 2. málsgreinar niðurlagsákvæðis reglugerðarinnar komi svo hljóðandi ákvæði: „Fiskmati ríkisins er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum I. II. og III. kafla reglugerðarinnar, þegar sérstaklega stendur á og gera þarf stórfelldar framkvæmdir til að fullnægja ákvæðum kaflanna. Undanþágur skulu ávallt tímabundnar.“

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. febrúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

22. febrúar 1971.

Nr. 36.

REGLUR

um þóknun prófnefndarmanna í löggiltum iðngreinum.

1. gr.

Lögreglustjórar (bæjarfógetar og sýslumenn) greiða prófnefndarmönnum í löggiltum iðngreinum í umdæmi sínu þóknun fyrir störf þeirra. Skal formaður viðkomandi prófnefndar framvísa reikningi, árituðum af öllum prófnefndarmönnum, ásamt frumriti prófbókar. Á reikningi skal koma greinilega fram: Fjöldi próftaka, stundafjöldi, sem reiknaður er, og tímakaup það, sem prófnefndarmenn reikna sér í prófinu, sbr. 4. gr.

2. gr.

Þóknun prófnefnda skal fara eftir fjölda próftaka hverju sinni og reiknast stundafjöldi eftir löflu þeirri, sem hér fer á eftir, miðað við fjölda próftaka í hverju prófi um sig. Sveinspróf skulu aðeins fara fram tvisvar á ári, vor og haust, og skal telja saman alla próftaka í hvoru prófi um sig, enda telst hvort þeirra eitt próf, þó próftakar séu margir og prófið fari fram á fleiri en einum stað.